

Starfsmannastefna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands

Virðing – Traust - Fagmennska

Það er stefna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands að hafa á að skipa starfsmönnum sem eru tilbúnir að sækja fram og ná árangri í samræmi við markmið stofnunarinnar.

Mannauður

Ráðningar

Það er stefna HVE að ráða vel menntaða, hæfa, áhugasama og trausta starfsmenn. Val á starfsmönnum byggist á faglegum vinnubrögðum og gengið er frá öllum ráðningum með formlegum hætti. Það er metnaður stofnunarinnar að vel sé tekið á móti nýju starfsfólki, því kynnt starfsemin og tryggð aðlögun að starfinu. Lögð er áhersla á að starfsfólk virði siðareglur starfsstétta og trúnað gagnvart skjólstæðingum/sjúklingum.

Kjaramál

HVE fylgir gildandi kjarasamningum og starfar samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er stefna HVE að launaþróun sé sambærileg við aðrar heilbrigðisstofnanir.

Fagmennska

Starfsfólk HVE býr yfir góðri þekkingu og færni. Starfsfólk nýtir gagnreyndar upplýsingar við störf sín. Starfsfólk er framsækið, leitar alltaf leiða til að gera betur og hefur hagsmuni skjólstæðinga í fyrirrúmi.

Starfsþróun

Það er stefna HVE að allir starfsmenn fari í starfsmannaviðtöl árlega þar sem starfslýsingar og starfsþróunaráætlun er yfirfarin.

Símenntun

Það er stefna HVE að efla starfsmenn og viðhalda fagþekkingu þeirra. Starfsmönnum verði tryggðir möguleikar á fræðslu og endurmenntun sem nýtist í starfi og stuðlað getur að bættri þjónustu á starfsstöðvum HVE. Allir starfsmenn stofnunarinnar hafi jafnan aðgang að fræðslu. Starfsmenn eru hvattir til þátttöku í gæðastarfi, nýsköpunar- rannsóknar- og vísindastarfi.

Starfslok

Við starfslok er farið að lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvörðun starfsmanns um starfslok verði virt og leggur HVE áherslu á að gagnkvæmur skilningur ríki milli hans og stofnunar. Starfsmönnum er gert kleift að minnka við sig starfshlutfall síðustu misserin fyrir starfslok, í allt að þrjú ár, verði því við komið vegna starfseminnar.

Samstarf traust og trúnaður

Virðing

Starfið á HVE einkennist af gagnkvæmri virðingu, vingjarnlegu viðmóti og umhyggju.

Siðfræði

HVE leggur áherslu á mikilvægi þess að starfsfólk virði siðareglur starfsstétta og trúnað gagnvart sjúklingum og samstarfsfólki um persónuleg og viðkvæm mál.

Jafnrétti

Lögð er áhersla á að jafnrétti sé virt í hvívetna. Óheimilt er að mismuna starfsfólki eftir aldri, kyni, ættarni, efnahag, stjórnmála- eða trúarskoðunum.

Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi

Tekin er skýr afstaða gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. Starfsfólk og stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á viðeigandi aðgerðum.

Starfsumhverfi

Stjórnskipulag

Það er stefna HVE að stjórnskipulag stofnunarinnar sé skilvirkt og nútíma stjórnunarhættir við lýði. Öllum starfsmönnum sé kynnt stjórnskipulagið, boðleiðir og hlutverk þeirra innan skipulagsins.

Starfsaðstaða

Gott og öruggt starfsumhverfi er lykilþáttur í velferð starfsmanna. Ábyrg á heilsu og vellíðan starfsmanna er samstarfsverkefni starfsmanns og stofnunar. Gert er ráð fyrir því að starfsmenn taki fullan þátt í að skapa gott vinnuumhverfi.